

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/412
komudagur. 3.12.2004

Umsögn til bæjarráðs vegna frumvarps til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Bæjarráð hefur óskað umsagnar bæjarlögmanns og bæjarritara um ofangreint frumvarp.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er með því verið að laga rekstur lánasjóðsins að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði eftir því sem kostur er og sjóðurinn starfi í framtíðinni sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Með frumvarpi þessu er ekki verið að breyta megin markmiði Lánasjóðsins, sem er að stuðla að lækkuðum fjármagnskostnaði sveitarfélaga.

Með frumvarpinu fer æðsta vald í málefnum sjóðsins til sveitarfélaganna í stað þess að áður starfaði hann undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar.

Mikilvægasta breytingin á starfsemi lánasjóðsins er brottfall 5. gr. gildandi laga, en með þeirri breytingu eru felld niður árleg framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkissjóðs til lánasjóðsins. Skv. greinargerð frumvarpsins er þetta liður í að færa rekstrarskilyrði sjóðsins í átt að því sem almennt gerist á fjármálamarkaði. Ríkissjóður hefur ekki innt af hendi framlög til sjóðsins frá því 1983.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent dreifibréf til sveitarfélaga þar sem óskað var umsagnar frá um frumvarpið og fylgir það hjálagn. Þar eru raktar helstu breytingar og markmið með breytingunum.

Í niðurlagi bréfsins er þess vænst að sveitarfélög gefi jákvæða umsögn um frumvarpið með hliðsjón af því að það sé samið með það að markmiði að efla starfsemi lánasjóðsins til hagsbóta fyrir sveitarfélögin.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið mælum við með því að umsögn Kópavogsbæjar um frumvarpið verði jákvæð.

Kópavogi, 1. desember 2004.

Þórður Clausen Þórðarson bæjarlögmaður.

Guðrún Pálsdóttur bæjarritari.